



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400

www.grenivik.is

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4

101 Reykjavík

Grenivík 15. desember 2017.

Málsnr.: ANR17090155/11.3.1

Efni: Byggðakvóti 2017/2018

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók úthlutunarreglur byggðakvóta fyrir á fundi sínum í gær, 14. desember 2017, og var eftirfarandi bókað undir dagskrárið nr. 5:

## „5. Byggðakvóti 2017/2018.

Með bréfi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis dags. 21. nóv. 2017, er byggðakvóta fiskveiðíárið 2017/2018 úthlutað til Grýtubakkahrepps, samtals 37 þorskígildistönum.

Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi reglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:

12,3 tonnum, eða 1/3 hluta kvótans, skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.

24,7 tonnum, eða 2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðíárið 2017/2018.

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 604/2017.“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafi samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga eða rökstuðnings er óskað.

Með bestu kveðju,

Þróður Friðfinnsson

Þróður Friðfinnsson, sveitarsjóri